

Rekstrarsamningur

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér eftir nefndur Hafnarfjarðarbær og Björgunarsveit Hafnarfjarðar, kt. 410200-3170, hér eftir nefnt BH gera með sér samning um umsjón og rekstur á björgunar- og slysavarnarmiðstöð í Hafnarfirði.

I. Umfang samnings

1. gr.

BH tekur að sér rekstur björgunar- og slysavarnarmiðstöðvar að Hvaleyrarbraut 32, þar með talið búnaðargeymslu, félags- og þjálfunaraðstöðu, auk véla- og tækjaaðstöðu. Stjórn BH er ábyrg fyrir rekstri björgunarmiðstöðvarinnar og skal halda sig innan fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar ár hvert og leitast við að ná sem hagkvæmustum rekstri.

Afnot af björgunar- og slysavarnarmiðstöð

2. gr.

Hafnarfjarðarbær á rétt á að nýta björgunarmiðstöðina í einstaka tilfellum fyrir starfsemi sína eða fyrir viðburði á hans á vegum, án endurgjalds eða gegn hóflegri gjaldtöku þ.e.a.s. ef BH veitir bænum þjónustu vegna þessa, en þó þannig að það raski ekki hefðbundinni starfsemi BH. Um slík afnot skal haft samráð við BH og áform þar um tilkynnt með minnst mánaðar fyrirvara.

II. Rekstur björgunar- og slysavarnarmiðstöðvar

3. gr.

BH sér að öllu leyti á sinn kostnað um rekstur björgunar- og slysavarnarmiðstöðvar félagsins. Hafnarfjarðarbær leggur til framlag til að standa straum af hluta af rekstrarkostnaði björgunar- og slysavarnarmiðstöðvar BH skv. fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar ár hvert. Forsendur fyrir framlagi til rekstrar eru byggðar á rauntölum úr rekstri liðinna ára.

Greiðslur vegna samningsins sjást í fylgiskjali 1 og greiðast mánaðarlega í 12 jöfnum greiðslum.

BH skuldbindur sig til að verja ákveðnum hluta framlagsins til unglinga- og æskulýðsmála þ.m.t. forvarnarmála. BH skal í ársskýrslu sinni til bæjarstjórnar gera sérstaklega grein fyrir því hvernig þeim fjármunum er varið.

Að öðru leyti skal verja fjárframlagi Hafnarfjarðarbæjar til reksturs unglिंगadeildar, nýliðþjálfunar, þjálfunar björgunarmanna, þjálfunar sporhunda, viðhaldi og rekstri tækjabúnaðar og viðhaldi og þjálfun vegna almannavarnabúnaðar.

Jafnframt skuldbindur björgunarsveitin sig til að koma að skipulagningu og framkvæmd Sjómannadagsins í Hafnarfirði.

4. gr.

BH fær í sinn hlut allar tekjur sem björgunarmiðstöðin kann að gefa af sér, í samræmi við samning þennan, og ber að greiða allan kostnað og gjöld sem af rekstri þess leiðir. Tekjur þessar eru ætlaðar til að styrkja félagið og til að bæta tækjabúnað og þjálfun félagsmanna.

BH er einum heimilt að stunda sölustarf í björgunar- og slysavarnarmiðstöðinni á sína ábyrgð og að uppfylltum skilyrðum laga og reglna hvað það varðar og með samþykki íþrótta- og tómskundafulltrúa.

BH er heimilt að setja upp auglýsingar sem samræmast jákvæðu gildi forvarnarstarfs og heilbrigðra lífshátta á vegg í sölum björgunarmiðstöðvarinnar og á lóð þess og skal það gert í fullu samráði við íþrótta- og tómskundafulltrúa og arkitekta.

Fjáröflun BH skv. þessari grein er á þeirra ábyrgð, kostnað og áhættu og því óviðkomandi Hafnarfjarðarbæ.

III. Viðhald

5. gr.

BH skal sjá um allt viðhald og viðgerðir á innanstokksmunum, tækjum og búnaði björgunarmiðstöðvarinnar með fullnægjandi hætti og á þann hátt að starfsemi hússins verði ekki fyrir truflunum. Lögð skal áhersla á að viðhaldið sé fyrirbyggjandi og að öllum öryggiskröfum verði fylgt hverju sinni.

6. gr.

Umhirða, umgengni og þrif í og við björgunarmiðstöð BH eru á ábyrgð BH og skal vera í samræmi við kröfur Hafnarfjarðarbæjar og heilbrigðisyfirvalda. Allar breytingar á björgunarmiðstöð BH og/eða lóð hennar eru óheimilar án skriflegs leyfis frá Hafnarfjarðarbæ.

IV. Upplýsingaskylda BH og viðurlög

7. gr.

BH er skylt að halda bókhald vegna rekstrar björgunarmiðstöðvarinnar sem skal fært samkvæmt almennum reikningsskilavenjum. Bókhaldið skal endurskoðað árlega.

- a. BH skal skila ársskýrslu þar sem fram koma upplýsingar um starfsemi sveitarinnar á liðnu ári og ársreikningi til íþrótta- og tómskundafulltrúa fyrir 15. apríl ár hvert.
- b. BH skal skila rekstraráætlun til íþrótta- og tómskundafulltrúa fyrir 15. september ár hvert þar sem gerð er grein fyrir áætluðum fjárhæðum komandi árs m.v forsendur samningsins.
- c. Eftirlitsnefnd um fjármál íþrótta- og æskulýðsfélaga hefur aðgang að þeim gögnum sem skilað er inn til íþrótta- og tómskundafulltrúa og hefur heimild til þess að leita eftir frekari upplýsingum varðandi rekstur BH sé það mat hennar.

8. gr.

Á grundvelli ársreiknings og/eða rekstraráætlunar, getur Hafnarfjarðarbær gert athugasemdir, óskað eftir frekari skýringum og komið með aðgerðaráætlun er varðar reksturinn. Verði BH ekki við umbeðinni upplýsingagjöf eða aðgerðum er bænum heimilt að stöðva greiðslur frá næstu mánaðamótum eftir skiladag uns úrbætur hafa átt sér stað. BH getur jafnframt óskað leiðréttinga á rekstrarframlagi á grundvelli framlagðra gagna.

9. gr.

Telji íþróttá- og tómstundafulltrúi að björgunarmiðstöðin sé ekki rekin samkvæmt samningi þessum, og eins og gildandi lög og reglur gera ráð fyrir, varðandi færslu bókhalds, reglur um heilbrigði og öryggi, skal hann skriflega knýja á um úrbætur á því sem ábótavant er. Verði BH ekki við þeim tilmælum er Hafnarfjarðarbæ heimilt að stöðva greiðslur samkvæmt samningi þessum frá næstu mánaðamótum uns úrbætur hafa átt sér stað.

V. Ýmislegt

10. gr.

Eftirfarandi fylgiskjöl fela í sér nánari útfærslu á samningnum og eru þau óaðskiljanlegur hluti samnings þessa:

Fylgiskjal 1: Rekstrarframlag 2017 og 2018

Breytingar á fylgiskjölum verða aðeins gerðar með samþykki beggja aðila.

Öll brot á ákvæðum í fylgiskjali skoðast sem samningsbrot með sama hætti og brot á samningum sjálfum.

11. gr.

Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2017 og gildir til 31. desember 2022 eða þar til annar hvor samningsaðili óskar eftir endurskoðun/uppsögn með sex mánaða fyrirvara.

Gert er ráð fyrir að fylgiskjöl verði tekin til endurskoðunar svo oft sem þurfa þykir.

Við undirritun samnings þessa fellur úr gildi eldri samningur milli Hafnarfjarbæjar og BH frá 9. nóvember 2010. Um verkefni BH fyrir Hafnarfjarðarhöfn vísast til gildandi samkomulags milli BH og Hafnarfjarðarhafnar á hverjum tíma.

12. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Samningur þessi staðfestur hér með í votta viðurvist.

Hafnarfirði, . desember 2017

F.h. Björgunarsveitar Hafnarfjarðar
með fyrirvara um samþykki aðalstjórnar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

Fylgiskjal 1 - Rekstrarframlag 2017 og 2018

	Ársreikningur 2016	Framlag 2017	Framlag 2018
Stykur, bæjarsjóður	9.699.996 ISK	14.000.000 ISK	19.000.000 ISK
Laun og launatengd gjöld	- 4.428.532 ISK	- 4.500.000 ISK	- 4.545.000 ISK
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður	- 1.895.796 ISK	- 900.000 ISK	- 920.000 ISK
Sími, internet	- 1.099.021 ISK	- 500.000 ISK	- 510.000 ISK
Pappír, prentun, útgáfa, auglýsingar, ritföng og burðargjöld	- 616.834 ISK	- 600.000 ISK	- 620.000 ISK
Rekstur tölvukerfis	- 179.941 ISK	- 180.000 ISK	- 180.000 ISK
Rafmagn og hiti	- 2.001.567 ISK	- 2.040.000 ISK	- 2.100.000 ISK
Öryggisgæsla	- 313.438 ISK	- 320.000 ISK	- 330.000 ISK
Fasteignagjöld	- 723.604 ISK	- 740.000 ISK	- 760.000 ISK
Tryggingar	- 1.688.885 ISK	- 1.720.000 ISK	- 1.770.000 ISK
Viðhald og rekstur tækjabúnaðar	- 985.503 ISK	- 2.500.000 ISK	- 2.570.000 ISK
Þjálfun sporhunda			- 4.695.000 ISK